

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Miðbær Selfoss, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 22. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi miðbæjarins á Selfossi.

Skipulagsreiturinn sem um ræðir nær til samliggjandi svæða sem skilgreind eru í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 sem miðsvæði og blönduð landnotkun, opið svæði til séstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs, Sunnuvegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulagssvæðið er alls um 6,5 ha að flatarmáli.

Meginmarkmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að stuðla að frekari eflingu miðbæjarsvæðisins með blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða sem nýtast jafnt heimamönnum sem og gestum. Þar verður lögð áhersla á alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðaþjónustu, samhliða því að styrkja miðbæjargarðinn með bættum tengingum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. ágúst 2018.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2018